

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

9. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn föstudaginn 15. apríl 2016

kl. 08:15 í fundarsal slökkviliðsins að Hringbraut 125 .

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson , Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Ársreikningar 2015, endurskoðandi félagsins Guðmundur Kjartansson mætir á fundinn.
 - Guðmundur Kjartansson, endurskoðandi, lagði fram og kynnti ársreikning Brunavarna Suðurnesja og um leið endurskoðunarskýrslu Deloitte um starfsemi félagsins. Engar athugasemdir eru gerðar um ársreikning eða starfsemi félagsins. Afkoma félagsins var með miklum ágætum, hagnaður rúmlega 8 milljónir króna og eigið fé jákvætt um 315 milljónir króna. Stjórn samþykkti ársreikninginn og undirritaði. Stjórn vill sérstaklega þakka stjórnendum og starfsmönnum góð störf á árinu.
2. Ákvörðun um ársfund Brunavarna Suðurnesja bs.
 - Rætt um mögulegan fundartíma og staðsetningu. Ákveðið að halda fundinn 12. maí kl. 15:30 í fundarsal Slökkvistöðvarinnar í Sandgerði.
3. Heimasíða B.S bs.
 - Sigurður kynsir stjórn nýja heimasíðu sem Dacode var að búa til fyrir BS bs. Lýsir stjórn yfir mikilli ánægju með góða og snyrtilega vinnu við nýja vefsíðu.
4. Staða fjármála.
 - Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála BS bs. og er hún samkvæmt áætlun.
5. Húsnæðismál.
 - Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu á húsnæðismálum BS bs. Þá vinnu sem hefur verið í gangi þar og þá möguleika sem eru í stöðunni. Umræður um málið.
6. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Jón fer yfir það sem hefur verið í gangi í starfinu, endurmenntun í sjúkraflutningum er í gangi og síðan voru þrír starfsmenn að koma af námskeiði í Þýskalandi í björgunarstörfum hjá Lucas. Í maí verður stór æfing á Keflavíkurflugvelli og síðan er stefnt á langan laugardag hjá BS sem er stór æfing hjá öllu liðinu. Einn starfsmaður hefur verið í atvinnuslökkviliðsnámi frá áramótum og er það hálfnað. Síðan hefur verið ákveðið að senda 10 menn á

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

-
- námskeið í Finnlandi í eiturefnum í september. Er síðan áætlað að fara í endurnýja þak á skrifstofuálmum í sumar.
7. Önnur mál.
- Lagður fram samþykktur samningur um gagnkvæma aðstoð við Slökkvilið Grindavíkur.

Fundi slitið kl. 10:00